

**Sylvía Karen Heimisdóttir**

Sveitarstjóri

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Árnesi, 804 Selfoss

Sími: 486-6100

netfang: sylviakaren@skeidgnup.is**Umsögn vegna göngu og reiðstíga meðfram Skeiða- og Hrunamannavegi við þéttbýlið í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Tölvupóstur barst Vegagerðinni dags. 15. júní 2022 með ósk um umsögn vegna göngu og reiðstíga meðfram Skeiða- og Hrunamannavegi við þéttbýlið í Brautarholti, sbr. mynd 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í tölvupósti kemur fram að stígurinn skuli þjóna gangandi og ríðandi umferð og tengjast við Murneyrarveg. Efnið í stígnum verður formalað hraun sem er svo malað fínna þegar það er komið niður. Stígurinn er um 660 m. langur.



Mynd 1 fylgdi með erindi. Gula línan sýnir hugsanlega legu stígsins

Vegagerðin fagnar stígnum en leggur áherslu á að hann verði utan veghelgunarsvæðis og að tryggja skal gott útsýni og forðast þveranir. Mælt er með að stígurinn verði hannaður skv. leiðbeiningum Vegagerðarinnar (sjá á heimasíðu Vg).

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega.

Varðandi nánari útfærslu er vísað á Birgi Leó Ólafsson hjá Vegagerðinni á Selfossi.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannsdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt